



## Fundargerð

32. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,

18. október 2022, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Barnvænt sveitarfélag (2020021548)

Hjörtur Magni Sigurðsson verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags mætti á fundinn og kynnti drög að aðgerðaáætlun Reykjaneshæjar um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindafræðslu fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga á vegum UNICEF Akademiunnar, sem er rafrænn fræðsluvettvangur UNICEF á Íslandi.

Óskað er eftir umsögnum um áætlunina. Ef fundarmenn vilja senda inn umsagnir er þeim bent á að senda þær til formanns sem mun koma þeim áleiðis.

### 2. Lýðheilsa á Suðurnesjum (2022020201)

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi kynnti niðurstöður rýnihóparannsóknar, Lýðheilsa á Suðurnesjum, sem var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Reykjaneshæ.

Lýðheilsuráð óskar eftir gögnum um nýtingu á sálfræðiþjónustu sem stóð til boða í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Hvort til séu gögn um það hversu mörgum málum var vísað áfram til áframhaldandi úrræða og afhverju þessi þjónusta var lögð niður.

### 3. Aðgerðaáætlun 2023 (2022090294)

Lýðheilsuráð lagði fram tillögur að helstu forgangsmálum og áherslum fyrir aðgerðaáætlun fyrir 2023. Ákveðið var að geðrækt yrði aðalþemað fyrir aðgerðaráætlun ársins 2023 með áherslu á andlega heilsu fyrir unglíngastig grunnskóla, framhaldskólanema og eldri borgara.

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi upplýsti lýðheilsuráð um stöðu mála varðandi kostnaðarmat við að bjóða upp á hafragraut fyrir grunnskólabörn í Reykjaneshæ.

#### 4. Heilsu- og forvarnarvika 2022 (2022080263)

Mjög góð þátttaka var í Heilsu- og forvarnarviku meðal bæjarbúa og buðu stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi fór yfir viðburði liðinnar heilsu- og forvarnarviku og þakkar þátttakendum sem og Hafþóri Birgissyni íþróttá- og tómstundafulltrúa og markaðsteymi Súlunnar fyrir samstarfið.

#### 5. Heilsueflandi viðburðir 2022 (2021080347)

Bleiki dagurinn var haldinn þann 14. október sl. og í tilefni þess var haldinn opinn dagur á HSS þar sem konum í Reykjanesbæ var boðið upp á heilsufarsmælingar, fræðslu frá Krabbameinsfélaginu og léttar veitingar. Verkefnið var unnið í sameiningu af lýðheilsuráði Reykjanesbæjar, HSS og Krabbameinsfélagi Suðurnesja.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.